

Nd.

595. Nefndarálit

[3. mál]

um frv. til l. um Hagrannsóknastofnun og breyting á lögum nr. 93/1971 um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þegar frv. til laga um Framkvæmdastofnun ríkisins var til meðferðar eftir valdatöku núverandi ríkisstjórnar gagnrýndi stjórnarandstaðan mjög það frv. og þá stefnu, sem í því fólst. Gagnrýnin beindist fyrst og fremst að því, að í stað Efnahagsstofnunarinnar, sem starfað hafði að hagrannsóknnum og áætlunargerð í nokkur ár og laut stjórn embættismanna undir yfirstjórn forsætisráðherra og í nánnum tengslum við aðra ráðherra, lagði ríkisstjórnin til að sett yrði á laggirnar mikið bákn, Framkvæmdastofnun ríkisins.

Hlutverk hinnar nýju stofnunar var m. a. að hafa á hendi hagrannsóknir og áætlunargerð fyrir ríkisstjórnina svo og stjórnun á lánveitingum framkvæmdasjóðs, undir stjórn pólitískra eftirlitsmanna stjórnarflokkanna.

Í ýtarlegu nefndaráliti gerðu sjálfstæðismenn grein fyrir þeim sjónarmiðum, sem lágu til grundvallar andstöðu þeirra við málið. Auk þess að frv. stefndi að meiri afskiptum stjórnvalda af atvinnulífinu, meiri pólitískri ihlutun, var með frumvarpinu gert ráð fyrir því að hagfræðilegar rannsóknir skyldu vera undir pólitískri stjórn stjórnarflokkanna.

Stjórnarandstaðan beitti sér fyrir breytingum á frv., m. a. því, að hagrannsókn-deildin heyrði beint undir forsætisráðuneytið og fékk þá tillögu samþykkt.

Með frv. því, sem nú er flutt af ríkisstjórninni eru hagrannsóknir teknar frá Framkvæmdastofnun ríkisins og sérstakri stofnun, Hagrannsóknastofnun, falið að fara með þau mál og heyri stofnunin undir forsætisráðuneytið.

Ríkisstjórnin leggur því til, að horfið verði með hagrannsóknir til þess fyrirkomulags, sem Viðreisnarstjórnin mótaði og viðurkennir því frumhlaup sitt í þessu máli.

Í samræmi við okkar fyrri afstöðu, styðjum við undirritaðir frumvarpið, en teljum eðlilegt að Hagrannsóknastofnunin verði Alþingi og alþingismönnum einnig til ráðuneytis í efnahagsmálum og munum beita okkur fyrir flutningi breytingartillögu þar að lútandi.

Alþingi, 27. mars 1974.

Matthías Á. Mathiesen,
frsm.

Ásberg Sigurðsson.